

SAMÞYKKT

3

14. jan.

um lokunartíma sölubúða í Siglufirði.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 1 síðdegis. Frá 1. júní til 30. september skal sölubúðum lokað frá kl. 7 síðdegis til kl. 8½ árdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðum skal lokað alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágúst, 1. maí, 17. júní og 1. desember.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkv. framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzanir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu eftir áskorun bæjarstjórnar.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renni sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af broti gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði frá 17. ágúst 1935 er hér með úr gildi felld.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1938.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.